

## 12. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu, sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi skal innheimta bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

Gjöld samkv. reglugerð þessari af fasteignum við götu, þar sem þegar hefur verið lagt bundið slitlag og/eða gangstétt skulu miðuð við vísitölu eins og hún var þegar byggingarleyfi var gefið út.

## 13. gr.

Ef lóðarhafi rífur á eigin kostnað gamalt íbúðar- eða atvinnuhúsnæði og byggir nýtt á sömu lóð, skal gjald skv. 2. gr. reiknað af rúmmetrum nýja hússins að frá-dregnum rúmmetrum þess húss, sem fjarlæggt er. Skal miða við rúmmetragjald nýja hússins. Sama gildir ef hús brennur og byggt er að nýju á sömu lóð. Lækkun gjaldsins getur þó aldrei orðið meiri en nemur greiðslum samkv. 2. gr. og 12. gr.

## 14. gr.

Þegar um gjaldfrest er að ræða skv. 11. gr. hækkar gjaldið til samræmis við hækkun byggingarvísitölu, sem í gildi er þegar innheimta fer fram.

## 15. gr.

Séu gjöld skv. reglugerð þessari ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga er sveitarstjórn heimilt að reikna á þau hæstu lögleyfða dráttarvexti nú 4,5% á mánuði. Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvila og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps í Austur-Húnavatnssýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðar-gjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. október 1981.*

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 55 20. mars 1970, um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl.

## 1. gr.

Aftan við 64. gr. reglugerðarinnar bætist við ný grein 64. gr. a. og hljóðar sú grein þannig:

Síld skal flokkuð í 1 gæðaflokk til manneldis.

1. flokkur. Vinnslusíld, sem er fersk, með eðlilega lykt, útlit og blæ, og laus við átuskemmdir.

Úrgangssíld. Síld, sem er með greinilega súr-, ýldu- eða slagvatnslykt, er slegin, kramin, marin, blóðsprungin og með greinilegum átuskemmdum.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld, reglugerð nr. 313 30. júní 1981, um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 16. október 1981.*

Steingrímur Hermannsson.

*Jón L. Arnalds.*

15. október 1981.

Nr. 598.

## REGLUR

um notkun hlífðarhjálma við akstur bifhjóla og léttra bifhjóla.

## 1. gr.

Skylt er ökumanni bifhjóls, svo og farþega, sem er 12 ára eða eldri, að nota hlífðarhjálma við akstur.

Sama gildir um ökumann létts bifhjóls.

## 2. gr.

Ákvæði 1. gr. gilda ekki:

1. Um akstur á bifreiðastæðum, við bensinstöðvar eða viðgerðarverkstæði eða þar sem svipað stendur á.
2. Þegar hlutaðeigandi hefur meðferðis læknisvottorð, er undanþiggur hann notkun hlífðarhjálms.

## 3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 59. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 30 11. maí 1977, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. október 1981.*

Friðjón Þórðarson.

*Ólafur W. Stefánsson.*

20. október 1981.

Nr. 599.

## REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

## 1. gr.

Frá 1. nóvember 1981 til 15. maí 1982, að báðum dögum meðtöldum, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Sandgerðisvita, að vestan markast svæðið af 23°42'0 V og að norðan af 64°20'0 N.

## 2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum, skal farið að hætti opinberra mála.